

Dyer ehf.
Bæjarlind 2
201 Kópavogi

Reykjavík, 26. október 2021
UST202110-072/F.K.
07.10.02

Eftirlit – Sólarvarnir - Málslok

Vísað er til bréfs dags. 25.10.2021 þar sem tilgreindar voru kröfur um úrbætur varðandi merkingar fyrir vöruna Shade, all natural sunscreen skv. 32.gr efnalaga nr. 61/2013 og reglugerðar nr. 577/2009 um snyrtivörur. Nánari upplýsingar um umfang og niðurstöður eftirlits má nálgast í eftirlitsskýrslu sem er birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar í samræmi við 5. mgr. 49 gr. efnalaga.

Þann 25.10.2021 barst Umhverfisstofnun staðfesting frá Dyer ehf. sem er ábyrgur fyrir markaðssetningu vörunnar að fyrirtækið hefur tekið vöruna af markaði, hætt alfarið sölu hennar og mun sækja allar birgðir af vörunni sem eru til staðar á sölustað hjá Lyfjabúrinu, Katrínartúni 2-4.

Að framansögðu telst eftirfylgnimáli því sem hófst með bréfi dags. 25.10.2021 lokið.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að eingöngu var um að ræða eftirliti með Shade, all natural sunscreen og því aðeins gerðar athugasemdir við framangreinda vöru. Hugsanlegt er að aðrar vörur sem Dyer ehf. flytur inn og/eða markaðssetur standist ekki kröfur efnalaga eða reglugerða settra á grundvelli laganna.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirlits og beitingar þvingunarúræða er innheimt í samræmi við gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 með síðari breytingum. Gefinn verður út reikningur fyrir gjaldinu að fjárhæð 13.200.- kr.

Virðingarfyllst

Fífa Konráðsdóttir
sérfræðingur

Björn Gunnlaugsson
teymisstjóri